

Iðjupjálfinn

FAGBLAÐ IÐJUPJÁLFA

ÍPÍ 1/16 | BORGARTÚNI 6 | REYKJAVÍK | 37. ÁRGANGUR

IÐJUPJÁLFAFÉLAG
ÍSLANDS
40 ÁRA



Háskólinn
á Akureyri

Framhaldsnám í heilbrigðisvísindum MS

2 ára meistaranám eða 1 árs diplómanám



Háskólinn á Akureyri býður upp á þverfaglegt diplóma- (40 ein.) og meistaranám (120 ein.) í heilbrigðisvísindum sem miðar að því að því að fólk geti stundað nám með vinnu.



„Námið er vel skipulagt og samþætting milli námslota einstaklega góð. Töluverður sveigjanleiki er við val á verkefnatengdum viðfangsefnum og því gefst nemendum gott tækifæri til að tengja efni námsins við eigin áherslu og áhugasvið.“

Sólrún Óladóttir, iðjupjálfi og M.S. í heilbrigðisvísindum

Áherslusviðin eru:

- Almennt svið
- Endurhæfing efling og lífsgæði
- Geðheilbrigði
- Heilsugæsla og heilsuefling
- Krabbamein og líknameðferð
- Langvinn veikindi og lífsglíman
- Sálræn áföll, ofbeldi og áfallastreita
- Öldrun og heilbrigði í íslensku samfélagi
- Þjónandi forysta, stjórnun og ígrundun

unak.is

KÆRU LESENDUR

Í ár eru 40 ár liðin frá stofnun Iðjubjálfafélags Íslands (IPÍ). Iðjubjálfinn að þessu sinni er tileinkaður afmælisárinu og er markmið blaðsins að veita lesendum innsýn í sögu félagsins, stöðu þess í dag og væntingar félagsmanna til næstu ára.

Þegar gömlum fréttabréfum, blöðum og úrklippubókum er flett, skín metnaður fyrstu iðjubjálfa landsins glögglega í gegn. Þar má til dæmis finna ýmiss konar kynningarefni á faginu og greinargerð frá 1979 um iðjubjálfun sem mikilvægan hluta af betri og víðtækari heilbrigðisþjónustu. Einnig var nákvæm skráning haldin yfir félagsmenn og eru þar upplýsingar um vinnustaði þeirra, heimilisföng, símanúmer og meira að segja barneignir. Samheldnin virðist hafa verið mikil og í eldri blöðum má sjá myndir af hinum ýmsu viðburðum, svo sem grillveislum og útilegum. Einnig má lesa nákvæmar lýsingar á ferðum félagsins eða allt frá því hvernig félagsmönnum var skipt niður í bíla áður en ferðalagið hófst! Þrátt fyrir víðtækt og vandað frumkvöðlastarf hefur því (sem betur fer) verið pláss fyrir glens og gaman hjá þessum fyrstu iðjubjálfa-um landsins.

Eftir því sem félagið stækkaði breyttust áherslur og fagleg málefni áttu stærri þátt í



blöðunum. Metnaðurinn er enn þá til staðar, en jafnvel mætti hvetja starfandi iðjubjálfa enn frekar til dáða varðandi greinarskrif og pistla. Við vitum að iðjubjálfar vinna ötult og fjölbreytt starf með skjólstæðingum sínum og gaman væri að fá að lesa um aðferðir og árangur í blaðinu okkar.

Við í ritnefndinni vonum að þið hafið gaman af þessu afmælisblaði, það er uppfyllt af efni sem endurspeglar metnað og gleði. Við óskum okkur öllum til hamingju með 40 árin og lítum björtum augum til framtíðar.

**Afmæliskveðja,
Ritnefnd Iðjubjálfa 2016**

EFNISYFIRLIT

Kæru lesendur	3
Iðjubjálfinn	3
Til hamingju með afmælið! <i>Höf: Ósk Sigurðardóttir</i>	4
Litið yfir farinn veg <i>Höf: Hope Knúttsson</i>	5
Lilja Ingvarsson formaður 2005 - 2009 <i>Höf: Lilja Ingvarsson</i>	6
Faghópur iðjubjálfa sem starfar með börnum á Norðurlandi	7
Fréttatilkynning	7
Einu sinni var...	8
Viðtal við Kristínu Tómasdóttur Iðjubjálfa <i>Höf: Erna Kristín Sigmundsdóttir</i>	10
Leiðin að markinu <i>Höf: Erna Sveinbjörnsdóttir</i>	12
Faghópur iðjubjálfa er starfar á öldrunarheimilum	13
Sagan	14
Framtíðarþingið	16
Afmælisráðstefna IPÍ á Hótel Örk í Hveragerði 4. og 5. mars 2016 „Allt er fertugum fært“	23
Héðan og þaðan...	26

IÐJUBJÁLFINN



Stjórn IPÍ

Ósk Sigurðardóttir, formaður
Berglind Indriðadóttir, varaformaður
Sigríður Pétursdóttir, gjaldkeri
Hólmús Freyja Methúsalemsdóttir, ritari
Sigurbjörg Hannesdóttir, meðstjórnandi
Anna Alexandersdóttir, varamaður
Sunna Kristinsdóttir, varamaður

Umsjón félagaskrár

Þjónustuskrifstofa SIGL

Ritstjóri (ritnefnd.ii@sigl.is)

Linda Björk Ólafsdóttir

Ritnefnd

Berglind Steinarsdóttir
Erna Kristín Sigmundsdóttir
Kristín Heiða Garðarsdóttir

Fræðileg ritnefnd

Guðrún Pálmadóttir
Hrefna K. Óskarsdóttir
Sara Stefánsdóttir

Prófarkalesari

Ingibjörg María Ingvadóttir

Forsíðumynd

Linda Björk Sveinbjörnsdóttir

Umbrot og prentvinnsla

Prentmet

Ritnefnd áskilur sér rétt til að stytta texta og færa til betri vegar. Vitna má í texta blaðsins ef heimildar er getið.



TIL HAMINGJU MEÐ AFMÆLIÐ!

Kæri lesandi, Iðjubjálfafélag Íslands er 40 ára í dag og á tímamótum sem þessum er við hæfi að minnst á nokkra framsýna og kraftmikla iðjubjálfa sem komu saman í febrúar 1975 og stofnuðu fyrsta vísi að félaginu. Eftir mikla vinnu hópsins var félagið svo formlega stofnað þann 4. mars 1976 þegar fyrsti aðalfundur félagsins var haldinn. Stofnendur félagsins voru;

Nafn	Fæðingarland	Vinnustaður
Anne Grethe Hansen	Danmörk	Reykjalundur
Emelita O. Nocon	Filipseyjar	Sólvangur Hafnafirði
Guðrún Pálmadóttir	Ísland	Reykjalundur
Hildegard Demleitner	Þýskaland	Grensásdeild Landsp.
Hope Knútsson	Bandaríkin	Kleppspítali
Ingibjörg Ásgeirsdóttir	Ísland	Landspítali
Jóna Kristófersdóttir	Ísland	Kleppspítali
Kristín Tómasdóttir	Ísland	Kristnes
Margret Demleitner	Þýskaland	Grensásdeild Landsp.
Sigríður Loftsdóttir	Ísland	Landspítali

Á þessum tíma fjölgaði hægt en örugglega í félaginu þar sem að meðaltali komu einn til tveir iðjubjálfar heim á ári. Í nær öllum tilfellum var beðið eftir þeim og þeir komnir samstundis með vinnu.

Árið 1997 hófst svo kærkomið nám í iðjubjálfun við Heilbrigðisvísindasvið Háskólans á Akureyri og fyrstu iðjubjálfarnir útskrif-

uðust vorið 2001. Félagið hefur stækkað ört þessi 15 ár frá fyrstu útskrift iðjubjálfa á Íslandi og á síðustu 10 árum hefur félagið stækkað um þriðjung! Heildarfjöldi félaga í dag er 280 talsins og ef við höldum sama vaxtarhraða mun fjöldi félagsmanna vera orðinn yfir 400 á hálftrar aldar afmælinu 2026.

Iðjubjálfar eru nú starfandi um allt land og á fjölbreyttum vettvangi. Iðjubjálfar eru sérfræðingar í því að finna hagkvæmar og góðar lausnir með fólki sem vegna líkamlegra og/eða andlegra veikinda eða fötlunar getur ekki gert það sem það þarf og vill geta gert í daglegu lífi. Þessi sérstaða gerir það að verkum að fagþekking iðjubjálfa hentar jafnt á sviði heilbrigðis-, félags- og menntamála, ýmist innan eða utan stofnana samfélagsins. Iðjubjálfar starfa meðal annars í dag hjá hinu opinbera við skipulagningu heilbrigðis- og félagsþjónustu og við hönnun umhverfis. Þeir starfa einnig hjá fyrirtækjum eða sem sjálfstæðir ráðgjafar við t.d. heilsueflingu og forvarnir. En betur má ef duga skal og við viljum sjá enn fleiri starfsmöguleika fyrir iðjubjálfa á næstu árum, en það verður einstaklega spennandi að fylgjast með þróun stéttarinnar og fjölgun frumkvöðla og rannsakenda.

Síðastliðinn október var haldið framtíðarþing IPÍ í tilefni afmælisins. Þangað mætti stór hópur iðjubjálfa til að hafa áhrif á stefnumótun félagsins. Margar góðar hugmyndir komu fram og stjórn IPÍ er þegar byrjuð að forgangsráða verkefnum og vinna að framkvæmd þeirra.

Fróðleiksfýsni og metnaður iðjubjálfa á sér engin takmörk og á þessu ári munum við taka þátt í ýmsum viðburðum, halda námskeið og ráðstefnur meðal annars í samvinnu við önnur félög og bjóða upp á fjölbreytta fræðslu. Það er því einstaklega skemmtilegt ár framundan. Á þessum tímapunkti er þó komið að afmælisráðstefnunni sem við erum afar stolt af. Njótum þess að eiga þessa daga saman, lærum hvert af öðru, styrkjum og styðjum.

Kæru iðjubjálfar innilega til hamingju með 40 ára afmælið og bestu þakkir fyrir framlag ykkar allra til fagsins og félagsins. Verum stolt og berum höfuðið hátt.

**Ósk Sigrúardóttir,
formaður IPÍ**



LITIÐ YFIR FARINN VEG

Sumarið 1969 fékk ég, ung kona og iðjuþjálfri frá New York borg, brjálæðislega hugmynd um að verða brautryðjandi í iðjuþjálfun á Íslandi. Allir sem þekktu mig héldu náttúrulega að ég væri búin að missa vitið!

Ég var róttækur aðgerðasinni sem var alltaf að mótmæla ójafnræði í heilbrigðiskerfinu í BNA, Víetnamstríðinu og byggingu kjarnorkuvera. Ég var búin að fá nóg af bandaríska kerfinu og fór alein í sex vikna ævintýraferð til Evrópu. Ég flaug með Loftleiðum sem var þá fyrsta lágfargjaldaflugfélag í heimi og var þekkt sem „hippie“ flugfélagið. Ég stoppaði í sólarhring á Íslandi á mínum fyrsta degi fyrir utan Ameríku og varð strax ástfangin af landinu!

Á meðan ég ferðaðist um meginland Evrópu reikaði hugur minn aftur og aftur til Íslands og ég velti því fyrir mér hvort það vantaði iðjuþjálfra þar. Ég skrifaði bréf til heilbrigðismálaráðuneytisins og spurði hvort það vantaði iðjuþjálfra og fékk til baka boð um að koma og stofna námsbraut í iðjuþjálfun og eins og sagt er „The rest is history!“.

Eftir 11 heimsóknir hingað til lands flutti ég loks til Íslands (1974) og tók, ásamt fáeinum íslenskum iðjuþjálfum og hópi erlendra

iðjuþjálfra starfandi á Íslandi, þátt í að stofna Iðjuþjálfafélag Íslands. Ég var kosin fyrsti formaður félagsins við stofnun þess árið 1976. Líf mitt og saga iðjuþjálfunar á Íslandi voru samtvinnuð næstu 28 árin, þar sem ég var formaður félagsins í 22 ár og fulltrúi ÍPÍ í Heimssambandi iðjuþjálfra í 28 ár. Þetta voru spennandi brautryðjendaár, þegar við hittumst í heimahúsum hjá stjórnarmönnum félagsins (stundum með börn á brjósti), sömdum kynningarbæklinga og settum upp nokkrar nefndir sem við vorum allar meira eða minna þátttakendur í.

Ég reyndi að nýta tengsl mín við iðjuþjálfra í Bandaríkjunum og víðar, fagfólk sem ég kynntist þegar ég kenndi við námsbraut í iðjuþjálfun við Columbia háskólann í New York borg og meðan ég var fulltrúi í heimsambandinu, til að fá nokkra leiðtoga og brautryðjendur í faginu til að halda námskeið hér á landi áður en skólinn okkar byrjaði. Það segir mikið til um metnað iðjuþjálfra á Íslandi að um 90% mæting var á þessi námskeið, þar sem fólk eins og Gary Kielhofner, Nedra Gillette, Barbara O'Shea o.fl. komu til að miðla nýjustu þekkingu í faginu.

Okkur dreymdi lengi um námsbraut en sá draumur virtist oft vera órafjarri. Það

var erfitt að ímynda sér fagið með nokkur hundruð manns, með sterka fagímynd og fólk starfandi um allt land á eins fjölbreyttum vinnustöðum eins og raun ber vitni! Ég er mjög stolt af faginu okkar og mjög stolt af því að hafa tekið þátt í uppbyggingu þess. Þó ég starfi ekki lengur sem iðjuþjálfri finnst mér að allt sem ég hef tekið að mér í lífinu, hafi ég gert miklu betur vegna menntunar og reynslu minnar sem iðjuþjálfri.

Til hamingju með 40 ára afmælið okkar!

Húrra, húrra, húrra!

Hope Knútsson



LILJA INGVARSSON FORMAÐUR 2005 - 2009

Þegar ég hugsa um árin sem formaður Iðjubjálfafélags Íslands finn ég fyrir þakklæti fyrir það tækifæri sem ég fékk til að leggja mitt af mörkum til fagsins og félagsins. Það er margt sem kemur upp í hugann þegar þessi ár eru rifjuð upp, skemmtilegar minningar, áhugavert fólk, krefjandi verkefni og mikil vinna en ávallt skemmtileg. En ég var ekki ein, ég vann með frábæru fólki í stjórn og nefndum sem allt lagði sig fram um að vinna sem best að hag félagsmanna.

Einn eftirminnilegasti einstaklingurinn sem ég kynntist sem formaður var Karen Jacobs, prófessor í iðjubjálfunarfræðum við Boston University, en hún var gestakennari við Háskólann á Akureyri haustið 2005. Hún miðlaði til mín reynslu sinni frá því að hún var formaður bandaríska iðjubjálfafélagsins (AOTA), en ekki síður smitaði hún eldmóð og ástríðu fyrir faginu. Hún kom á Skólatöskudögum með iðjubjálfanemum við HA haustið 2005. Iðjubjálfafélagið hélt þá síðan á landsvísi í fyrsta sinn árið 2006 og gerir enn í dag. Þarna var tækifæri til að kynna fagið í fjölmiðlum, á heimilum og í skólum. Ég er sannfærð um að þetta áttak skilaði sér í að fleiri þekktu a.m.k. orðið iðjubjálfun og einn þátt í starfi iðjubjálfa, vinnuvistfræði.

Árið 2006 var sérstaklega eftirminnilegt, en félagið varð 30 ára. Því var fagnað með ýmsum viðburðum, stuttum málþingum, skólatöskudögum og frábærri ráðstefnu í september. Á aðalfundi félagsins 2006 var slagorð um iðjubjálfun kynnt: *Iðjubjálfun – bjargráð í brennidepli.*

Félagið stækkaði ört á þessum árum, iðjubjálfar fóru til starfa víða um landið og höfðu áhuga á að taka þátt í starfi félagsins, s.s. í stjórn og nefndum. Því var fjárfundabúnaður óspart notaður á stjórnarfundum. Einnig var nauðsynlegt að koma ýmsum þáttum í rekstri félagsins í fastari skorður, s.s. greiðslum fyrir ferðir á fundi, þátttöku í alþjóðlegu samstarfi o.fl. Þetta var fylgifyiskur stækkandi félags. Einnig gerðist það að kjósa þurfti á milli frambjóðenda í stjórn og nefndir. Því þurfti að efla kynningu á þeim sem buðu sig fram, það var ekki lengur þannig að „allir þekktu alla.“

Þátttaka í alþjóðlegu samstarfi er eftirminnileg. Norrænir formannafundir voru mjög upplýsandi um hvernig málum væri háttað á Norðurlöndum, kynningarmál, skólamál, kjaramál, alltaf kom maður heim

með eitthvað gagnlegt í farteskinu. Ferð á fulltrúafund Heimssambands iðjubjálfa og heimsping í Ástralíu var afar áhugaverð, sérstaklega að kynnast starfi heimssambandsins WFOT og þeim málefnum sem voru á dagskrá, s.s. Declaration of Human rights, sem var í mótun á þessu þingi. Þátttaka í COTEC fundum var einnig gagnleg, þar var m.a. fjallað um menntunarmál, gæðakröfur og var áhugavert að heyra hvernig iðjubjálfar unnu í öðrum Evrópulöndum.

Það er gleðilegt að félagið heldur áfram að vaxa, nýir iðjubjálfar útskrifast á hverju ári og vona ég að svo verði um ókomna tíð. Það hefur verið ánægjulegt að fylgjast með því hversu margir gefa kost á sér í ábyrgðarstörf í stjórn og nefndum félagsins.

Lilja Ingvarsson

FAGHÓPUR IÐJUPJÁLFA SEM STARFAR MEÐ BÖRNUM Á NORÐURLANDI

Starf faghópsins hófst árið 2005 og samanstóð af iðjupjálfum sem störfuðu með börnum á hinum ýmsu sviðum; dagvistun, skólum, leikskólum og innan heilbrigðiskerfisins. Fyrstu árin var aðaláhersla hópsins að koma saman og fræðast, endurmennta sig og efla sig sem fagmenn í starfi. Fengin voru námskeið og fyrirlesarar inn á fundi sem hópurinn taldi geta nýst sem flestum meðlimum hans. Að auki kom hópurinn meðal annars að mótun Skólatöskudaga í virku samstarfi við HA, en Karen Jacobs var þar í forsvari og kynnti hugmyndina frá BNA. Í dag eru iðjupjálfar með Skólatöskudag að hausti þar sem fræðsla fer fram um notkun skólatöskunnar og líkamsbeitingu.

Hópurinn hefur verið misvirkur í gegnum árin en árið 2012 varð mikil endurnýjun og í dag starfa flestir meðlimir hópsins í grunn-

eða leikskólum. Áherslur hafa breyst en markmið hópsins er að iðjupjálfar geti deilt reynslu sinni og fengið styrk hver frá öðrum. Flestir starfandi iðjupjálfar með börnum á Norðurlandi eru einyrkjar og því mjög mikilvægt að geta hitt aðra sem tala sama tungumál.

Á haustin höfum við sett niður dagskrá fyrir veturinn og reynt að fylgja henni samviskusamlega. Hópurinn í heild er ekki stór, telur u.þ.b. 10-12 iðjupjálfa. Starfssvæðið er mjög dreift, allt frá Húsavík að Fjallabyggð og því er mæting á fundi stundum stopul og háð veðri. Við látum það ekki á okkur fá þó það mæti bara tveir því það kemur alltaf eitthvað gott út úr hverjum fundi.

Að vori er svo skipulagður einn vinnudagur þar sem við höfum t.d. farið yfir ákveðin

matstæki, skýrslugerð, kynnt smáforrit, spjaldtölvunotkun og þýtt efni sem okkur finnst að muni nýtast okkur í starfi. Eins höfum við reynt að vera duglegar að deila efni, bókum og hugmyndum sem nýtast í skólastarfinu. Einnig erum við að reyna að tileinka okkur samskiptaform eins og google drive til að geta unnið saman þrátt fyrir miklar vegalengdir á milli okkar.


Þó að við gefum okkur ekki alltaf tíma til að mæta á fundi finnum við fyrir því hve mikilvægt þetta er fyrir okkur sem fagmenn. Það er gott að vita hver af annarri, hittast og hlæja saman öðru hvoru, á milli þess sem við kryfum starfið og berum saman bækur okkar.

FRÉTTATILKYNNING

Önnur útgáfa af ritinu A-ONE: Fræðilegur bakgrunnur og iðjumiðað námsefni er komin út. Höfundur er Guðrún Árnadóttir umsjónarmaður þróunar- og rannsóknarverkefna iðjupjálfa Landspítala. Sextán ár eru frá fyrri útgáfu ritsins og því er um ítarlega endurskoðun og uppfærslu að ræða. Fagfólk úr ýmsum stéttum sóttist eftir fyrri útgáfunni, auk iðjupjálfa og iðjupjálfanema sem sumir hverjir lásu ritið upp til agna svo þeir þurftu að endurnýja. Uppfærslan tekur á þáttum sem hafa þróast frá fyrri útgáfu. Þar má nefna:

1. Tengsl við Líkanið um samspil fagþekkingar.
2. Tekið er mið af nýjustu útgáfu flokkunarkerfis bandaríska iðjupjálfafélagsins á íðorðum og flokkunarkerfi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar.
3. Þróun iðjupjálfunar erlendis og tengsl hennar við A-ONE.
4. Taugaatferli og A-ONE.
5. Notkun klínískrar rökleiðslu og rökleiðsludæmi.
6. Tengsl við þjónustuferli iðjupjálfunar.
7. Fjórar leiðir notkunarmöguleika.
8. Fjölda nýrra litmynda til viðbótar við eldri myndir tengdar uppbyggingu og starfsemi miðtaugakerfisins.
9. Uppfærslu á hugtakalístum.

Hægt er að panta ritið hjá Valerie Harris iðjupjálfa í Sjálfsbjörgu á netfanginu valerie.harris@a-one.is



EINU SINNI VAR...







VIÐTAL VIÐ KRISTÍNU TÓMASDÓTTUR, IÐJUBJÁLFA

Fimmtudaginn 3. desember 2015 fór Erna Kristín Sigmundsdóttir, iðjubjálfi hjá Akureyrarbæ, í heimsókn til Kristínar Tómasdóttur. Kristín var önnur íslenskra kvenna, á eftir Jónu Kristófersdóttur, til að læra iðjubjálfun og starfa sem slíkur hér á landi. Kristín tók hlýlega á móti Ernu á heimili sínu og bauð til stofu í spjall yfir kaffibolla.

Segðu okkur aðeins frá sjálfri þér

Ég er fædd og alin upp í Reykjavík og allt mitt fólk er þar. Ég lærði iðjubjálfun í Kaupmannahöfn og kláraði námið árið 1963. Í Danmörku kynntist ég manningnum mínum, sem er Íslendingur og var einnig við nám í Kaupmannahöfn. Að námi loknu fékk maðurinn minn vinnu hér á Akureyri og ég sættist á að fara hingað í tvö ár, en þau eru víst orðin 50! Þessi tvö eru ekki liðin ennþá!! Við eigum þrjú börn og við erum svo heppin að þau búa öll hér. Svo eigum við níu barnabörn og eitt langömmu/afa barn.

Hver eru áhugamálin þín?

Félagsmál hafa verið stór partur af lífi mínu. Ég var skáti þegar ég var unglingur og eftir að ég kom hingað norður tók ég svoltíttin þátt í því starfi. Seinna fór ég í Zontaklúbb Akureyrar, og starfaði þar í nokkur ár. Ég ákvað einnig að ganga í Oddfellowregluna

og hef eytt mörgum stundum í vinnu í þeim félagsskap. Þá höfum við hjónin ferðast mikið bæði innanlands og erlendis og ég bý alltaf til ferðabók um hverja meiri háttar ferð þannig að ég get seinna upplifað ferðina á ný. Jú svo safna ég fílum, skráset hvaðan þeir koma, hver gefur og hvenær. Ég var fyrir skemmstu að setja númer 250 inn í skrána. Ekki má svo gleyma því að ég fer daglega í sund.

Af hverju valdir þú að læra iðjubjálfun?

Eftir barna- og gagnfræðaskóla fór ég í Menntaskólann í Reykjavík en var þá orðin mjög slæm í baki og þurfti að fara í stóra bakaðgerð. Ég varð því að hætta í skólanum en alls ekki sátt við að hafa ekkert lært. Móðir mín, sem vildi gera allt sem hún gæti fyrir mig, sá í tímaritinu Tidens Kvinder frásögn um „beskæftigelsesterapi“ námið og hvað það fag biði upp á. Hún sagði þá við mig „vilt þú ekki prófa þetta?“ Eftir að hafa skoðað þessa grein var ég alveg tilbúin að athuga þetta betur og við fórum báðar að undirbúa að sækja um skólavist í Danmörku. Það þótti æskilegt að fá meðmæli frá hinum ýmsu aðilum, eins og barna- og bækunarlæknum sem sögðu það mikilvægt að fá slíka þekkingu hingað til landsins. Ég þurfti einnig að kunna á ritvél og hafa lok-

ið námskeiði í skyndihjálp, en það hafði ég gert í skátunum. Sem skáti hafði ég ásamt öðrum skáta stofnað skátasveit fyrir fatlað fólk og í samvinnu við Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra, og það átti líka sinn þátt í því að mig langaði til að vinna með fötluðu fólki. Það varð því alvara úr að ég sótti um skólann og fékk inni.

Ég sigldi með Gullfossi til Kaupmannahafnar 18. júní árið 1960, daginn eftir að vinir mínir hér heima urðu stúdentar. Dvölin í Höfn byrjaði á skátamóti fyrir fatlað fólk og síðan fór ég að vinna í sumarskóla fyrir fötluð börn. Með þessu móti fékk ég að æfa mig vel í dönskunni áður en skólinn hófst um haustið. Skólinn hét Skolen for beskæftigelsesterapeuter og var þá eini slíki skólinn í Danmörku. Á meðan ég var úti var stofnaður annar eins skóli á Jótlandi. Við vorum aðeins 18 sem fengum inngöngu í námið í einu og vorum saman í öllum fögum, nokkurs konar bekkjakerfi. Þremur árum síðar útskrifaðist ég svo sem iðjubjálfi eða beskæftigelsesterapeut eins og það var kallað þá.

Hvernig var námið þitt?

Í náminu lærðum við meðal annars líffærafræði, lífeðlisfræði, sjúkdómafræði, sálfræði

og um geðlækningar. Það var mikið lagt upp úr handavinnu; alls konar saumur, þrjón, hekl, smíði af ýmsu tagi og ýmis efni notuð t.d. bein og timbur. Við þurftum að útbúa prufur af öllu sem við gerðum og leggja fram til prófs. Eitt af verkefnum okkar var að taka fyrir hvern vöðva líkamans og skoða hvað hægt væri að láta skjólstæðing gera í vinnu til að þjálfa viðkomandi vöðva. Síðan gerðum við vinnubækur um niðurstöður okkar.

Á skólatímabilinu þurftum við að vinna í fjóra mánuði á geðdeild og fjóra mánuði á endurhæfingarstöð. Ég tók mitt tímabil á geðdeild á Kleppsspítala. Þar vann Jóna Kristófersdóttir, sem var fyrsti iðjuþjálfinn á Íslandi og var hún minn leiðbeinandi. Ég man að Helgi Tómasson yfirlæknir þar kallaði þetta þá vinnulækningar en þegar ég kom heim og fór að vinna var starfsheitið sjúkrakennari notað.

Hvað tók svo við þegar þú komst heim?

Þegar ég kom heim vann ég í tvo mánuði á Kleppsspítalanum, en eftir að ég flutti norður fór ég að vinna á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri (það heitir nú Sjúkrahúsið á Akureyri SAK). Þar var ég með fönður og jafnframt kenndi ég réttar vinnustellningar og vinnubrögð. Einnig sá ég um sjúklingabókasafnið. Þá voru sjúklingarnir lengri tíma á spítalanum en nú. Seinna fór ég að vinna á Kristnesi, sem þá var elliheimili og svo vann ég á geðdeild spítalans. Starf mitt fólst meðal annars í því að gera fólki kleift að hafa eitthvað við að vera og hafa gaman af því að vinna. Ég vann einnig um það bil þrjú ár í lðjulundi, vernduðum vinnustað, og á Sólborg sem þá var heimili fyrir fólk með proskaskerðingu.

Loks fór ég að vinna með öldruðum. Það var árið 1989. Þar sá ég um vistunarmat, að meta þá sem vildu eða þurftu að komast inn á elli- eða hjúkrunarheimili. Þá var starfandi hér á Akureyri þjónustuhópur aldraðra og var honum falið að annast þetta mat. Hópurinn auglýsti eftir starfsmanni og var æskilegt að hann væri annaðhvort iðjuþjálfari eða hjúkrunarfræðingur. Við vorum tvær ráðnar í þetta starf og vorum við einnig í því að meta þörf fólks fyrir aðra þjónustu eins og dagvist eða skammtímavist.

Árið 2000 var komið á fót því sem nefnt hefur verið Heilsuefandi heimsóknir á Akureyri og nágrenni og var ég ásamt hjúkrunarfræðingi ráðin til að byrja á því verkefni og leiða það. Ég fékk leyfi frá starfi mínu hjá þjónustuhópnum í eitt og hálf ár á meðan við vorum að setja það verkefni á laggirnar. Ég upplifði mig ekki sem iðjuþjálfari í starfinu, frekar sem ráðgjafa, en eins og yfirmaður minn sagði við mig, allt nám kemur að gagni. Ég fór aftur að vinna sem starfsmaður þjónustuhópsins en að hluta til líka áfram við Heilsuefandi heimsóknir.

Mér hefur þótt gaman að vinna með öldruðu fólki. Það hefur gefið mér mikið, að geta hjálpað fólki og fengið það til að hjálpa sér sjálft og fá tækifæri til að tala við það og kynnast því. Ég sakna þess stundum að vera ekki að vinna, eins og t.d. einn dag þegar ég var í búðinni að versla. Við kassann hleypti ég gömlum manni á undan mér í röðinni því hann var með svo lítið, síðan klára ég að versla en á leiðinni heim sé ég að hann hefur dottið. Ég sný við og keyri til hans en þá er ung stúlka búin að stoppa og hjálpa honum að standa á fætur. Ég býð honum að

keyra hann heim og hann þáði það. Ég fór þá strax að hugsa að nú þurfi ég að hringja í þær hjá Heilsuefandi heimsóknum og vita hvort hann sé á lista hjá þeim og fá þær til að líta til hans. Ætli ég hætti nokkurn tímann að hugsa svona! Heilsuefandi heimsóknir voru í upphafi fyrir 75 ára og eldri en nú miðast þær við 80 ára. Ég sagði þegar þessi breyting var gerð: „Þessi breyting er nú bara til komin vegna þess að ég varð 75 ára á árinu (2015) og þau vissu að ég þyrfti ekki á heimsókn að halda“ [segir Kristín og hlær].

Finnst þér breytingar hafa orðið á faginu í gegnum árin?

Fagið hefur breyst töluvert í gegnum árin. Þegar ég var að læra þá var minna fjallað um kenningar og öll þessi matstæki, það var lítið um þau. Í dag er líka lögð áhersla á öðruvísi iðju en áður. Við lærðum dálítið í því að þjálfa fólk við matargerð og athafnir daglegs lífs og svolítið að útbúa spelkur og hjálpartæki, en það hefur aukist og breyst til batnaðar. Fólk er meira þjálfað í athöfnum sem skipta máli fyrir daglegt líf.

Við látum staðar numið hér og þökkum Kristínu fyrir að leyfa okkur að skyggjast inn í líf sitt og umhverfi. Að viðtali loknu sýndi Kristín spyrjanda bækurnar sem hún gerði við námið í Danmörku. Þessar bækur eru frábær uppspretta hugmynda og handverks sem hafa fullt gildi í dag. Hún sýndi einnig ferðabækurnar sínar sem sýna mikla hugmyndaauðgi og vandvirkni heilsteyprar konu sem var frumkvöðull á sínu sviði og við getum lært mikið af.



LEIÐIN AÐ MARKINU

Einn sumardag árið 2007 stóð ég, ásamt vinkonu minni, úti á bílastæði hjá sameiginlegri vinkonu okkar að ræða um framtíðina. Áður en ég vissi af vorum við komnar heim til hennar og búnar að sækja um nám við Háskólann á Akureyri. Með trega en full eftirvæntingar fór ég heim til foreldra minna og tilkynnti þeim að ég væri að fara að flytja til Akureyrar til þess að hefja nám við háskólann þar, því ég ætlaði að verða iðjubjálfi! Foreldrar mínir horfðu á mig þínu skelkaðir yfir því að elsta barnið ætlaði að fljúga úr hreiðrinu og það alla leið til Akureyrar en jafnframt voru þau glöð fyrir mína hönd. Ég held samt að pabbi hafi ekki meðtekið neitt af því sem sagt var því að í fjögur ár hélt hann því fram að ég væri „að læra að verða þroskabjálfi eða eitthvað svoleiðis“, eins og hann sagði öllum sem spurðu.

Með bros á vör héldum við vinkonurnar á vit ævintýranna í sitt hvorum Yarisnum með alla búslóðina okkar, fyrir utan sitt hvort rúmið og lítinn sófa sem fylgdi á eftir í kerru. Ég hugsa enn til þess í dag hvernig í ósköpunum við komum öllu fyrir í bílunum, kannski var það þrjóska, því norður ætluðum við!

Leiðin að markmiðinu var löng og ströng, stútfull af gleði, erfiðleikum, ferðalögum og andvökunóttum. Fimm sumrum síðar stóðum við vinkonurnar, þrátt fyrir allt, aftur saman á bílastæði. Í þetta skiptið vorum við staddir á Akureyri ásamt fjölskyldu og vinum og markmiðinu var náð! Við vorum að útskrifast sem iðjubjálfar. Tilfinningarnar sem bærðust um í brjósti voru ólýsanlegar og ég var full af eldmóði og eftirvæntingu fyrir því að deila nýfenginni vitneskju með samfélaginu.

Þessi fimm ár voru þvilíkt puð og ef ég hefði skrifað niður hvert einasta skipti sem „GÆS“ (get, ætla, skal) kom upp í huga mér hefði ég fyllt heila bók. En hver sekúnda var þess virði og er ég óendanlega stolt af því að geta sagt öðrum frá hversu frábærum hópi ég tilheyri.

Þegar ég hugsa til þess hvað það var sem dreif mig áfram, held ég að það hafi ekki bara verið þrjóska í sjálfri mér eða stuðningur frá fjölskyldu, heldur einnig allur þessi ómetanlegi stuðningur sem ég upplifði í náminu frá samnemendum mínum og kennurum. Ég þakka fyrir það á hverjum

degi að hafa tekið þessa ákvörðun og drifið mig af stað því ég efast um að hægt sé að finna fjölbreyttara og skemmtilegra starf en að vera iðjubjálfi.

Kæru iðjubjálfar, ég vona að þið séuð öll jafn stolt og ég því við megum svo sannarlega vera það. Í lokin vil ég svo óska okkur öllum innilega til hamingju með 40 ára afmæli IPÍ. Ferfalt húrra fyrir okkur: Húrra, húrra, húrra, húrra!

**Erna Sveinbjörnsdóttir,
Iðjubjálfi, LSH, Kleppur.**

FAGHÓPUR IÐJUPJÁLFA ER STARFAR Á ÖLDRUNARHEIMILUM

Alls eru um 25 iðjubjálfar í faghópnum, flestir frá höfuðborgarsvæðinu, Suður- og Vesturlandi. Fundir eru að meðaltali einu sinni í mánuði yfir veturinn en frí yfir sumarið. Við skiptumst á að halda fundina og fer röðunin á fundarhaldi eftir stafrófsröð heimilanna. Á facebook er lokað síða fyrir hópinn þar sem geymdar eru fundargerðir, hugmyndum miðlað og ýmsar upplýsingar er að finna.

Faghópurinn er búinn að starfa í um það bil 15 ár og lengi vel voru aðeins 4-5 iðjubjálfar í hópnum. Mikil fjölgun hefur átt sér stað síðustu ár í hópnum og fleiri iðjubjálfar starfa nú á öldrunarheimilum um allt land, allt frá einum og upp í fjóra á hverju heimili.

Markmið hópsins frá byrjun hefur verið að veita hvort öðru stuðning í faginu þar sem í upphafi var yfirleitt einungis einn iðju-

þjálfari starfandi á hverju heimili. Þetta var því oft mikil einrykjavinna þótt það eigi ekki alltaf við í dag. Fundirnir eru nýttir til að hitta nýliða innan hópsins, skiptast á hugmyndum, ræða skipulagsatriði, kynna nýjar nálganir í starfi eða þjónustu, ræða komandi námskeið eða ráðstefnur sem gæti verið áhugavert að sækja og ýmislegt fleira gagnlegt.

Iðjubjálfar á öldrunarheimilum nýta sér ýmis matstæki í daglegri þjónustu s.s.

- MOHOST,
- Mat á eigin færni,
- Mini mental state examination (MMSE),
- Tómstundaiðjuskra aldraðra,
- Mat á ánægju með tómstundaiðju,
- Hlutverkalistinn,
- Iðja og ánægja aldraðra,
- OSA,

- Framkvæmdagreining,
- Mælikvarði Becks á geðlægd
- og mörg önnur.

Við sjáum fyrir okkur að faghópurinn haldi áfram að stækka og fleiri iðjubjálfar bætist í hópinn þar sem það er enn mikil vöntun á iðjubjálfum á öldrunarheimilum landsins. Hópurinn er að vinna í því að mynda stjórn faghópsins og er stefnt að því að það muni þrír iðjubjálfar sitja í stjórn hverju sinni. Stjórnin mun meðal annars halda utan um fundarhöld, vera tengiliður við Iðjubjálfafélagið og halda utan um netfangaskrá félaga hópsins.

Faghópurinn stefnir að því að skrifa lengri grein um það starf og þá þjónustu sem iðjubjálfar eru að vinna á hinum fjölmörgu öldrunarheimilum síðar á árinu.



Síðasti fundur fór fram á Ísafold í Garðabæ núna í lok janúar og þá var þessi mynd tekin af þeim sem mættu. Iðjubjálfnir starfa um allt land og á þessum tiltekna fundi tóku iðjubjálfar frá Akureyri þátt í gegnum skype.



Mynd tekin á Hrafnistu í Reykjavík í október 2013



Mynd tekin á Hrafnistu í Reykjavík í október 2013



Mynd tekin við Silfurtún í september 2012

Sagan



Fyrsti íslenski iðjuþjálfinn var **Jóna Kristófersdóttir** (f. 1918, d. 2003). Hún lauk námi frá Danmörku 1944. Jóna var gerð að heiðursfélaga Iðjuþjálfafélags Íslands árið 1986.



4. mars: Iðjuþjálfafélag Íslands formlega stofnað. Stofnendur voru 10: Anne Grethe Hansen, Emelita O. Nocon, Guðrún Pálmadóttir, Hildegard Demleitner, Hope Knútsson, Ingibjörg Ásgeirsdóttir, Jóna Kristófersdóttir, Kristín Tómasdóttir, Margret Demleitner & Sigríður Loftsdóttir.

1945

1975

1976

1977

Undirbúningur að stofnun Iðjuþjálfafélags Íslands hefst. En hvað átti stéttin svo að heita? Voru þetta vinnulækningar, iðjuþjálfar, sjúkraiðjuþjálfar, athafnaiðjuþjálfar eða orkuþjálfar? Hvað með erlenda heitið ergoterapeut?

Lög um iðjuþjálfun samþykkt á Alþingi og staðfest af forseta Íslands

www.ii.is

Heimasíða Iðjuþjálfafélagsins opnuð á aðalfundi.

Sjö íslenskir iðjuþjálfar útskrifuðust með meistaragráðu í iðjuþjálfun frá Florida International University.

2001

1999

1998

1997

Fyrsti iðjuþjálfinn með prófskírteini frá Íslandi útskrifaðist. Það var Aðalheiður Reynisdóttir og fylgdu 14 aðrir svo strax í kjölfarið. **Siðareglur** Iðjuþjálfafélags Íslands samþykktar á aðalfundi 10. mars og fyrsta alþjóðlega iðjuþjálfaráðstefnan var haldin á Íslandi í júní á 25 ára afmæli félagsins. **Hope Knútsson**, fyrsti formaður félagsins, var gerð að heiðursfélaga 2001.



Námsbraut í iðjuþjálfun við Háskólann á Akureyri (HA) stofnuð. Námið tekur fjögur ár og lýkur með B.Sc. gráðu.

Snæfríður Þóra Egilson varð fyrst íslenskra iðjuþjálfra til að ljúka doktorsprófi.

2003

2004

Um haustið hóf 51 iðjuþjálfari með diplómanám að baki sérskipulagt B.Sc. nám við HA.

Fyrsta ritrýnda greinin birtist í Iðjuþjálfanum.



Útgáfa á blaði iðjuþjálfna hófst. Í fyrstu hét það **Fréttablað Iðjuþjálfafélags Íslands**, síðar **Blað-ið** (1980) og varð um leið fagblað. Árið 1993 varð **Iðjuþjálfinn** til.

Iðjuþjálfafélagið gekk í **BHM**.



World Federation of Occupational Therapists

Félagið verður fullgildur meðlimur í Heimssambandi iðjuþjálfna (**WFOT**) en áður hafði félagið verið hálfgildur aðili í 10 ár.

1979

1984

1985

1986

34 iðjuþjálfar starfandi á Íslandi.

1988

Nefnd skipuð til að kanna möguleikana á að koma upp B.Sc. námi í iðjuþjálfun hér á landi.

Íðorð í iðjuþjálfun gefin út.

1996

1995

1993

63 iðjuþjálfar starfandi á Íslandi.

Dr. Gary Kielhofner kom til Íslands og hélt námskeið um Líkanið um iðju mannsins (MOHO). 50 iðjuþjálfar tóku þátt.



Bókin **Iðja, heilsa, velferð - Iðjuþjálfun í íslensku samfélagi** kemur út, útgefandi Háskólinn á Akureyri. Ritstjórar: Guðrún Pálmadóttir og Snæfríður Þóra Egilson.



2005

2011

2016

Til framtíðar

Um 280 iðjuþjálfar starfandi á Íslandi.



FRAMTÍÐARÞINGIÐ

INNGANGUR

Iðjubjálfafélag Íslands (ÍPÍ) hélt Framtíðarþing þann 23. október 2015. Markmið þingsins var að ræða m.a. væntingar félagsmanna til félagsins, framtíðarsýn, hlutverk, ímynd og sýnileika þess. Þetta var því frábært tækifæri fyrir félagsmenn til að hafa áhrif á starf félagsins og koma hugmyndum á framfæri. Fundarfyrirkomulag þingsins byggði á sömu hugmyndafræði og notuð var á Þjóðfundunum 2009 og 2010. Til þátttöku skráðu sig 57 iðjubjálfar og iðjubjálfanemar sem unnu á sjö borðum. Á hverju borði var sérþjálfaður borðstjóri með það hlutverk að sjá til þess að allir við borðið fengju jöfn tækifæri til að tjá sig og tryggja virka hlustun, þannig að öll sjónarmið kæmst að. Hóparnir við borðin voru blandaðir þannig að á hverju borði voru þátttakendur í mismunandi aldurshópum, af mismunandi vinnustöðum og með mismikla reynslu.

Spurningarnar sem fundarmenn glímdu við voru eftirfarandi:

1. Hvað finnst mér skemmtilegast við að vera iðjubjálfi? (upphitunarspurning)
2. Hver er þín framtíðarsýn fyrir Iðjubjálfafélag Íslands?
3. Hvaða gildi eða hugsjónir viltu að starf félagsins byggji á?

4. Hvernig birtast þessi gildi í starfi félagsins?
5. Hvert á hlutverk félagsins að vera?
6. Hvernig bætum við ímynd og sýnileika félagsins?
7. Hvernig getur félagið stutt við faglega þróun og símenntun?

Eftir fyrstu þrjár spurningarnar skiptu þátttakendur um borð og svo aftur eftir spurningu fimm. Mikilvægt er að hafa í huga að ekki er hægt að alhæfa um svörin út frá þessum niðurstöðum þar sem um afmarkaðan hóp þátttakenda er að ræða. Niðurstöðurnar gefa fyrst og fremst vísbendingar um það sem brennur á þeim sem tóku þátt.

Ingrid Kuhlman hjá Þekkingarmiðlun ehf sá um þingstjórn, þjálfun borðstjóra, undirbúning og eftirfylgni þingsins og kann stjórn ÍPÍ henni bestu þakkir fyrir. Ingrid gerði einnig samantektarskýrslu frá þinginu sem finna má í heild sinni, ásamt viðaukum, á innri vef heimasíðu félagsins. Þessi grein er að mestu byggð á skýrslu hennar. Stjórn ÍPÍ gerði þó breytingar á texta er varða gildi félagsins fyrir birtingu í Iðjubjálfanum en unnið hefur verið með gildin eftir þingið og verður gerð frekari grein fyrir niðurstöðu þeirrar vinnu hér.

HVAÐ FINNST MÉR SKEMMTILEGAST VIÐ AÐ VERA IÐJUBJÁLFI?

„Að geta unnið með fólki af öllum sortum og gerðum, á öllum æviskeiðum, og gengið með þeim smá spöl í gegnum lífið í áttina til þess lífs sem það óskar“

Upphitunarspurning Framtíðarþingsins var hvað sé skemmtilegast við að vera iðjubjálfi. Skipta má svörum þátttakenda í eftirfarandi flokka:

Lausnamiðuð nálgun og skapandi hugsun

Eftirfarandi atriði voru m.a. nefnd í þessu samhengi:

- Að finna lausnir og leysa vanda.
- Hugsu og vinna heildrænt: rýna í flókið samspil einstaklings, umhverfis og iðju hverju sinni.
- Hvatningin að vera skapandi og hugsu út fyrir kassann.
- Það að vinna ekki eftir uppskrift.
- Það að sköpun sé mikilvægur hluti í meðferð.
- Krefjandi verkefni sem hugsuð eru í lausnum og tengjast iðju hvers og eins.
- Að vera með fullan poka af bjargráðum og lausnum.

Gefandi starf

Eftirfarandi atriði voru m.a. nefnd

í þessu samhengi:

- Að hafa áhrif á líf fólks (skjólstæðing, fjölskyldu og vinir þeirra) á jákvæðan hátt.
- Að ég geti látið gott af mér leiða fyrir einstaklinga og fjölskyldur þeirra.
- Þakklæti í starfi, allskonar.
- Að geta bætt lífsgæði fólks.
- Að geta aðstoðað fólk í að vinna að bata og auka lífsgæði sín.
